REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 940/1999, um löggiltar iðngreinar.

1. gr.

Í 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar, undir „vélvirkjun“ í upptalningu málm-, véltækni- og framleiðslugreina, fellur brott sérgreinin „kæli- og frystivélavirkjun, sérgrein“.

Við 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar, undir upptalningu málm-, véltækni- og framleiðslugreina, bætist við ný iðngrein: kæli- og frystivélavirkjun.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 3. mgr. 13. gr. laga um handiðnað, nr. 42/1978, öðlast þegar gildi.

Atvinnuvegaráðuneytinu, 15. október 2026.

F. h. r.
Ingvi Már Pálsson.

Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 29. október 2026